

**Sp.**

## **514. Þingsályktun**

um innflutning á byggingarefni o. fl.

(Afgreidd frá Sp. 18. apríl).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að liðka svo til, eftir því sem unnt er, um innflutning á byggingarefni, að jafnan geti verið til nægilegt efni til viðhalds og breytinga á húsum og til verkstæðisvinnu, svo og til óhjákvæmilegra nýbygginga, sérstaklega í þágu framleiðslunnar.
2. Að iðnaðarmönnum, er atvinnu skortir, verði, eftir því sem ástæður leyfa, gefinn kostur á vinnu við þau störf, er ríkið lætur framkvæma eða styður.